

47 ásamt biskupnum, stjórn kirkju- og skólamála á hendi auk annara starfa, þyrfti, efleggja
 10. des. 1878 ætti niður amtmannaembættin, að kveða á um, hver ætti þá að takast á hendur þessi störf amtmannsins. Það virðist varla eiga við að fá þau í hendur landshöfðingja, sem einmitt á að vera yfirboðari allra annara embættismanna á Íslandi, en yrði með þessu móti að eins settur jafnhliða biskupnum, eins og einnig gæti af því leitt flækjur, ef ágreiningur yrði millum hinna nefndu embættismanna; en að fá biskupnum einum í hendur úrslit þessara mála, myndi að líkindum ótíltækilegt, og einkanlega óheppilegt með tilíti til umráðanna yfir kirknaeignunum.

Af því, sem tekið er fram hér að framan, mætti það vera ljóst, að breyting sú í umboðstjórn Íslands, sem fram á er farið, sje í sjálfu sjer bæði miður hagfeld og muni jafnframt hafa í för með sjer svo mörg vandkvæði og annmarka í framkvæmdinni, að henni yrði ekki komið á, án þess að áriðandi málefni yrðu með því út undan, og þess vegna verður ráðgjafinn að vera á því, að hin umrædda uppástunga ekki sje þess um komin, að hún verði tekin til greina.

48 — *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um launaviðbót embættismanns.* — Með þóknanlegu brjefi 25. nóvbr. f. á. hafið þjer, herra landshöfðingi, skotið til úrslita ráðgjafans bænarskrá Theódórs bæjarfógeta Jonassens í Reykjavík, þar sem hann spyr, hvort hann eigi ekki heimtingu á að halda að öllu eða nokkru leyti í embætti því, er hann nú hefir, þeirri launaviðbót fyrir sjálfan hann, er samkvæmt lögum um laun sýslumanna og bæjarfógeta frá 14. desember 1877, þar honum sem sýslumanni í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu að upphæð 1057 kr. 68 a. Látið þjer í ljósi, að eins og það að líkindum hafi verið tilgangurinn, þegar 7. gr. í áminnztum launalögum var samin, að láta embættismenn að eins njóta launaviðbótar fyrir sjálfa þá, meðan þeir eru í sama embætti, þannig hafi það verið skýrt tekið fram í hinni allraþegnsamlegustu bænarskrá Theódórs Jónassens um, að verða allramildilegast skipaður bæjarfógeti í Reykjavík, að áminnzt launaviðbót með þessu móti myndi sparast fyrir landssjóðinn, en þar að auki hafið þjer getið þess, að aukatekjur þær, sem lagðar eru til bæjarfógetaembættisins, samkvæmt 2. grein nefndra laga líklega geti talizt að minnztu kosti 5 eða 600 kr. ár hvert, þar sem þessar sömu tekjur í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu varla geta talizt meiri en hjer um bil 10 kr. á ári, og hafi því Theódór Jónassen á þennan hátt fengið uppbót á launum sínum, sem nokkurn veginn samsvari launaviðbót þeirri, er hann áður hafði.

Fyrir þessar sakir fresta jeg ekki þjónustusamlega að tjá yður, herra landshöfðingi til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar, að jeg samkvæmt þeim ástæðum, er þjer hafið tilfært, álit ekki hlutaðeiganda eiga heimting á hinni áminnztu launabót, en að það að öðrum kosti sje honum heimilt að skjóta málinu til úrskurðar dómstólanna.

49 — *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um prestsvígslu.* — Þjer
 20. febr. hafið, herra landshöfðingi, með þóknanlegu brjefi, dags. 27. nóvember f. á. sent ráðgjafanum til úrskurðar fyrirspurn frá biskupnum yfir Íslandi um það, hvort honum sje leyfilegt að vígja prest handa íslenzkum söfnuði í Nova Scotia, ef prestsefnið annars hefir heflegeleika þá, sem lögboðnir eru.

Fyrir því undanfelli jeg eigi þjónustusamlega að tjá yður til þóknanlegrar leiðbeining-